

LÖG**um brottfall laga nr. 48/1966,
um Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja
(verslunarlánasjóð).**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög nr. 48/1966, um Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja (verslunarlánasjóð), eru felld úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 18. desember 2002.***Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Valgerður Sverrisdóttir.***LÖG****um breytingu á lögum nr. 98/1999, um innstæðutryggingar
og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

- a. 2. másl. 3. mgr. orðast svo: Skuldbindingar sem stofnað er til áður en leyfi er afturkallað skulu njóta tryggingaverndar í samræmi við ákvæði III. kafla.
- b. 3. másl. 4. mgr. orðast svo: Skuldbindingar sem stofnað er til áður en útibú er útilokað frá aðild að sjóðnum skulu njóta tryggingaverndar í samræmi við ákvæði III. kafla.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 18. desember 2002.***Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

Valgerður Sverrisdóttir.